



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 7. júní 2022
VEL22040063

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 25. maí 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar verði lagður niður í núverandi mynd og stofnaður verði nýr Forvarnasjóður undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn hjá velferðarsviði. Sjóðurinn hafi það hlutverk að styðja við verkefni sem taki til forvarna barna og bregðast við þeim aðstæðum sem upp koma í samfélaginu hverju sinni. Skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn sem mun einnig móta reglur og samþykktir fyrir sjóðinn. Sjóðurinn hafi til umráða að minnsta kosti jafn mikið fjármagn og úthlutað hefur verið til Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Sjóðurinn hefur þjónað því hlutverki að styrkja forvarnarstarf fyrir börn og unglinga. Með þessari breytingu er hlutverk og tilgangur sjóðsins afmarkað betur, einnig er staðsetning hans betur skilgreind með þessari breytingu. Þar með mun skilgreining hans eiga betur við áherslur mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs, velferðarráðs og svo skóla- og frístundaráðs, hann verði áfram hýstur á forræði velferðarráðs, undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn þar sem megináhersla verði á snemmtæka íhlutun og að vinna strax með áföll í æsku svo unnt verði að draga sem mest úr og jafnvel koma í veg fyrir aukna geðheilsubresti á fullorðinsárum.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti velferðarráðs leggur til að Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar verði hýstur undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn. Þetta er lagt til í ljósi þess að margar rannsóknir sína tengsl erfiðleika í æsku og geðheilsubrests. Í tillögunni eru tekin dæmi um áhrifabreytu eins og snemmtæka íhlutun og mikilvægi þess að tryggja gott aðgengi að faglegri greiningu og ráðgjöf við börn sem glíma við erfiðleika. Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja áherslu á að snemmtæk íhlutun (ráðgjöf, skimanir og greining sé það mat fagaðila og foreldra að sé nauðsynlegt) getur skipt sköpum í lífi barns um að valið sé fyrir það rétt úrræði og það fái aðstoð við hæfi. Og einmitt vegna þess er það með öllu óásættanlegt að

biðlisti barna til fagaðila skóla er í sögulegu hámarki. Nú er tveggja ára bið í þroskamat hjá skólasálfræðingi hjá borginni sem dæmi, í það sem kallast frumgreining. Liggi ekki fyrir slík greining er oft rennt algerlega blint í sjóinn með réttu viðbrögðin og úrræðin fyrir barnið. Tugir barna sem sterkar vísbendingar eru um að glími við ADHD eru á þessum biðlista. Dæmi eru um að börn eru útskrifuð þegar röðin kemur að þeim. Ekki þarf að spyrja um afleiðingarnar.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, reading 'Regína Ásvaldsdóttir'.

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum, lögð fyrir fund velferðarráðs 25. maí 2022.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar

Lagt er til að Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar verði lagður niður í núverandi mynd og stofnaður verði nýr Forvarnasjóður undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn hjá velferðarsviði. Sjóðurinn hafi það hlutverk að styðja við verkefni sem taki til forvarna barna og bregðast við þeim aðstæðum sem upp koma í samfélaginu hverju sinni. Skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn sem mun einnig móta reglur og samþykktir fyrir sjóðinn. Sjóðurinn hafi til umráða að minnsta kosti jafn mikið fjármagn og úthlutað hefur verið til Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hefur staðið yfir endurskoðun á hlutverki Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar. Í úthlutunarreglum Forvarnasjóðs er kveðið á um að fjármagni úr sjóðnum skuli úthlutað í tvennu lagi. Allar styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi borgarinnar skulu lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og til umsagnar og samþykktar í velferðarráði. Umsóknir um verkefni í einstökum hverfum eiga samkvæmt reglunum að fara fyrir íbúarráð til samþykktar.

Úthlutunarreglum sjóðsins var breytt í apríl 2021, til að samræma þær tilkomu íbúaráðanna og samhliða þeim breytingum var ráðist í endurskoðun á skipan sjóðsins með það fyrir augum að einfalda stjórnsýslulega umgjörð í kring um sjóðinn og þar með að einfalda styrkjakerfi borgarinnar, borgarbúum til hagsbóta.

Á fundi velferðarráðs þann 3. júní 2020 var samþykkt að Forvarnasjóður yrði sameinaður styrkjum velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs. Kostir þessarar leiðar eru gríðarleg einföldun fyrir borgarann þar sem sami umsóknartími væri á umsóknum í báða sjóði sem og mikil hagræðing fyrir borgina vegna sameiginlegs utanumhalds um sjóðinn en mikil umsýsla er í kring um Forvarnasjóðinn sem hefur til ráðstöfunar tiltölulega lága fjárhæð. Með því að sameina Forvarnasjóðinn við borgarsjóðsstyrkina væri því stuðlað að einföldun og á sama tíma væri verið að auka gagnsæi við styrkúthlutanir.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð skilaði umsögn við tillöguna 5. maí 2022. Þar er tekið undir að breytinga sé þörf á útfærslu Forvarnasjóðs Reykjavíkur og að

umsóknir til hverfislægra verkefna hafi í mörgum tilfellum skort tengingu við hverfin sem slík og oft hafi verið langsótt að um forvarnastarf hafi verið að ræða. Jafnframt eru lagðar til breytingar á útfærslu Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar.

Hér er tekið undir þá tillögu sem lögð er fram í umsögninni og lagt til að stofnaður verði nýr sjóður innan verkefnisins Betri borg fyrir börn með því markmiði að auka aðgengi að ráðgjöf og stuðningi fyrir starfsfólk bæði velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs þegar upp koma atvik þar sem börn þurfa á auknum stuðningi og skilningi að halda tímabundið eða reglulega yfir lengra tímabil. Þannig standi starfsfólki velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem vinnur með börnum t.d. til boða að sækja sér fræðslu, stuðning og ráðgjöf sem styður við börn hverju sinni m.a. á grundvelli niðurstaðna rannsókna. Jafnframt er lagt til að sjóðurinn verði, líkt og forvarnasjóðurinn, einnig aðgengilegur frjálsum félagasamtökum og öðrum þeim aðilum sem sinna forvörnum vegna barna.

Lagt er til að sjóðurinn setji sér reglur þar sem áhersla er á sveigjanleika í verkefnum og hvernig samstarfi við lykilaðila í umhverfi barna verði háttað t.d. aðila í tómstunda- og frístundastarfi og aðra sem hafa það að markmiði að hlúa að börnum og beita fyrirbyggjandi aðferðum. Þá taki sjóðurinn mið af forvarnastefnu/áætlun Reykjavíkurborgar og þeim tillögum sem samþykktar eru í fagráðum borgarinnar er varða málefnið, s.s. tillögu skóla- og frístundaráðs um áfallaáætlun og stuðning við börn sem samþykkt var 22. febrúar 2022. Sem dæmi um verkefni sem sjóðurinn gæti sett áherslu á eru börn, áföll og sorg og að horft verði til barna af erlendum uppruna sem mörg hver koma úr erfiðum aðstæðum, hafa upplifað stríðsátök og önnur alvarleg áföll. Mikilvægt er að sjóðurinn geti brugðist við samfélagslegum áskorunum hverju sinni.

Lagt er til að sjóðurinn hafi til umráða a.m.k. það fjármagn sem Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar hefur haft til umráða ár hvert en það eru u.þ.b. 11 m.kr.

Fylgiskjöl:

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs, dags. 5. maí 2022.

Jafnréttisskimun, dags. 23. maí 2022.



Velferðarsvið

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu velferðarráðs um breytingar á forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 28. apríl 2022, var samþykkt meðfylgjandi umsögn ráðsins um tillögu velferðarráðs um breytingar á forvarnarsjóði Reykjavíkur, sbr. 1. lið fundargerðar sama dag.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram tillaga velferðarráðs um breytingar á forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar, að sjóðurinn verði áfram á forræði velferðarráðs og að hann verði hýstur undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn. Þetta er lagt til í ljósi þess að margar rannsóknir sýna tengsl erfiðleika í æsku og geðheilsubrests. Í tillögunni eru tekin dæmi um áhrifabreytu eins og Snemmtæka íhlutun og mikilvægi þess að tryggja gott aðgengi að faglegri greiningu og ráðgjöf við börn sem glíma við erfiðleika og áföll. Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja áherslu á að snemmtæk íhlutun (ráðgjöf og greining) getur skipt sköpum í lífi barns sem á í vanda eða hefur orðið fyrir áfalli. Og einmitt vegna þess er það með öllu óásættanlegt að biðlisti til fagaðila skóla hafi fimmfaldast á þessu kjörtímabili. Nú er tveggja ára bið í þroskamat hjá skólasálfræðingi hjá borginni sem dæmi í það sem kallast frumgreining. Liggi ekki fyrir slík greining er oft rennt algerlega blint í sjóinn með réttu viðbrögðin og úrræðin fyrir barnið. Tugir barna sem sterkar vísbendingar eru um að glími við ADHD eru á þessum biðlista. Dæmi eru um að börn eru útskrifuð þegar röðin kemur að því. Ekki þarf að spyrja um afleiðingarnar. Bið getur og hefur kostað líf.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Tillaga velferðarráðs ásamt fylgiskjöllum



Reykjavík, 28. apríl 2022

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu velferðarráðs um breytingar á Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð tekur undir það að sjóðurinn sem slíkur og fyrirkomulag úthlutunar hefur týnst í ferlum stjórnsýslunnar á sl. árum. Helst er hægt að nefna tvær ástæður:

1. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar

Forvarnarstefnan rann saman við lýðheilsustefnu borgarinnar og varð að áherslu í stefnunni.

2. Íbúaráðin

Umsóknir í forvarnarsjóðinn hafa haft litla sem enga tengingu við hverfin sem slík og oft hefur verið ansi langsótt að um forvarnarstarf sé að ræða.

Varðandi tillögu velferðarráðs og útfærslu 2 í minnisblaðinu telur ráðið það varhugavert að sameina Forvarnarsjóðinn styrkjum velferðarráðs undir borgarstjóðsstyrkjum. Þessir eyrnamerkta fjármunir til forvarnarverkefna munu mögulega glatast inn í þessu stóra mengi.

Ráðið leggur því til eftirfarandi útfærslu á fornavarnarsjóði Reykjavíkur:

Tillaga

Hér er lagt til að Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar haldi áfram en í breyttri mynd og verði hýstur undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn hjá velferðarsviði. Verkefni sjóðsins taki mið af samþykktri tillögu skóla- og frístundaráðs, um áfallaáætlun og stuðning við börn, sbr. 3. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs frá 22. febrúar s.l. Skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn sem mun einnig móta endurskoðaða stefnu og samþykktir fyrir sjóðinn.

Greinagerð:

Sífelld fleiri rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli fjölda áfalla í æsku og geðheilsuvanda, heilsubreysts og skertrar getu til að takast á við áskoranir daglegs lífs á fullorðinsárum. Það er því mikilvægt að styðja við börn sem verða fyrir áföllum og koma í veg fyrir áföll þar sem því er við komið.

Talið er að um og yfir 60 prósent barna upplifi einhvers konar áfall eða áföll frá 0 til 18 ára aldurs. 22 prósent upplifa eitt áfall. 21 prósent upplifa 2-3 áföll og svo eru 17 prósent sem upplifa fjögur áföll eða fleiri.

Dæmi um áföll, sorg eða viðvarandi andlegt álag sem börn upplifa:

- Andlát, alvarleg veikindi eða slys í fjölskyldu
- Vanræksla og öryggisleysi á heimili
- Skilnaður foreldra og erfið samskipti í kjölfarið
- Kynferðisofbeldi
- Einelti í skóla og/eða tómstundarstarfi
- Heimilisofbeldi - andlegt og líkamlegt
- Geð- og fíknivandi á heimili

Þá er mikilvægt að hafa í huga að barn upplifir andlát eða slys á gæludýri oft sem áfall og sýnir sterk sorgarviðbrögð.

Aukin fræðsla um einkenni áfalla, áfallastreitu og sorgar barna er einnig mikilvæg til lengri tíma lítið.

Það þarf að endurskoða og endurskilgreina hugtakið forvarnir. Nú til taks er orðfærið orðið mun fjölbreytt og víðtækara þegar rætt er um aðgerðir að þessum toga.

Nokkur dæmi:

- Skaðaminnkun
- Fyrirbyggjandi aðgerðir
- Snemmtæk íhlutun
- Snemmtæk inngrip

Mikilvægt er að líta til snemmtækrar íhlutunar þegar það kemur að því að grípa inn í hóp barna sem búa við óviðunandi aðstæður. Allar rannsóknir benda okkur á að manneskur sem eiga áfallasögu aftur í barnæsku eru líklegri til að búa við slæma geðheilsu seinna meir, eiga í fíknivanda og vera ekki í samfélagslegri virkni. Það leiðir af sér slæma lýðheilsu. Það er því mikilvægt að hlúa að þessum hópi með snemmtækri íhlutun og auknu aðgengi að faglegri handleiðslu við úrvinnslu áfallanna. Þetta er ein birtingarmynd skaðaminnkunar.

Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar í breyttri mynd ætti að leggja áherslu á að styðja við að auka verklag og aðgengi sem miðar að þessu.

Reykjavík, 20. apríl 2022
VEL22040063

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar

Á fundi velferðarráðs þann 3. júní 2020 var lagt fram meðfylgjandi minnisblað um úthlutunarreglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar, þar sem lagt var til að sjóðurinn yrði sameinaður styrkjum velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs.

Á fundinum samþykkti velferðarráð svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð tekur undir mat velferðarsviðs og samþykkir að Forvarnasjóður verði sameinaður styrkjum velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs. Við styrkúthlutun velferðarráðs metur styrkjanefnd velferðarráðs allar umsóknir með tilliti til fyrirfram ákveðinna þátta, þar á meðal forvarnagildis verkefna. Það felast því í því miklir kostir að sameina sjóðina fyrir borgarbúa og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Áður en ofangreind tillaga velferðarráðs verður lögð fyrir borgarráð er óskað eftir umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs við tillöguna. Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 30. maí nk.

Virðingarfyllt



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Minnisblað um úthlutunarreglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar, lagt fyrir fund velferðarráðs 3. júní 2020.



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Úthlutunarreglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar

Forsaga:

Úthlutunareglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar eru frá 28. apríl 2011 með síðari breytingum samþykktum í velferðarráði 29. mars 2012 og í borgarráði 12. apríl 2012.

Í 4. gr. reglnanna er velferðarsviði falin umsjón með sjóðnum. Slík skipan mála var hagfelld sökum þess að stór hluti forvarnaverkefna er á sviði velferðarmála og rík tenging var milli hverfisráða og þjónustumiðstöðva. Í reglunum er kveðið á um að sjóðunum skuli úthlutað í tvennu lagi. Allar styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi borgarinnar skulu lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og til umsagnar og samþykktar í velferðarráði. Umsóknir um verkefni í einstökum hverfum eiga samkvæmt reglunum að fara fyrir hverfisráð til samþykktar.

Með umfangsmiklum breytingum sem gerðar voru á síðasta ári á skipan hverfisráða, sem nú heita íbúaráð, er þörf á að breyta reglum um Forvarnasjóð svo unnt sé að úthluta úr sjóðnum. Við slíka endurskoðun reglna er mikilvægt að kanna hvort hægt sé að einfalda styrkjakerfi borgarinnar borgarbúum til hagsbóta.

Greinargerð:

Styrkveitingar velferðarráðs/velferðarsviðs og íbúaráða Reykjavíkurborgar

Þeir styrkir sem velferðarráð/velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir að staðaldri eru:

Borgarsjóðsstyrkur/Velferðarráðsstyrkur – Hvert ráð borgarinnar fær hluta af styrknum til úthlutar.

Forvarnastyrkur – tvískiptur. Annars vegar er úthlutað miðlægt til verkefna sem unnin eru þvert á hverfi – sérstakur samráðshópur um forvarnarnir sér um að afgreiða umsóknir. Hins vegar er skipt eftir hverfum fyrir verkefni sem eru þess eðlis. Íbúaráð afgreiddu hverfisSKIPAR umsóknir 2019 (var áður í höndum hverfisráða).

Heiti potturinn – ákveðið fjármagn á hverri þjónustumiðstöð sem er ætlað til að efla félagsauð fullorðinna í öllum hverfum borgarinnar. Áhersla er lögð á að veita styrki til verkefna sem eru opin öllum þátttakendum í félagsstarfi fullorðinna

hverfunum, er falla að hlutverki félagsmiðstöðvanna eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun og áherslur í félagsstarfi.

Styrkir til áfangaheimila – Styrkir til áfangaheimila eru reiknaðir út frá:

- a) fastri fjárhæð pr. einstakling sem nemur grunnfjárhæð húsaleigabóta hverju sinni. Upphæðin er endurskoðuð árlega í tengslum við fjárhagsáætlunargerð.
- b) fjölda rýma á heimilinu
- c) nýtingu rýma fyrra árs á heimilinu
- d) hlutfall Reykvíkinga í nýttum rýmum á fyrra ári¹

Styrkir vegna náms, verkfæra- og tækjakaupa – Styrkur byggður á 25. gr. laga nr. 38/2018 um heimild til þess að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar.²

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar: Íbúaráð Reykjavíkur úthluta styrkjum úr Hverfissjóði Reykjavíkurborgar. Heildarfjárhæð styrkja fyrir árið 2020 er 20.000.000 kr. og er hægt að sækja um styrki allt árið.

Nánar um Forvarnasjóð Reykjavíkur

Hlutverk Forvarnasjóðs Reykjavíkur er að stuðla að forvörnum og efla félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarverkefni í samræmi við forvarnastefnu Reykjavíkurborgar og veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar.

Í forvarnastefnunni er m.a. lögð áhersla á að bæta andlega líðan, heilsu og sjálfsmynd barna og unglinga og forvarnir gegn áhættu hegðun. Hlutverk sjóðsins er jafnframt að vinna að eflingu félagsauðs og stuðla að hvers kyns framförum í hverfum borgarinnar.

Þær styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi borgarinnar eru lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og til umsagnar og samþykktar í velferðarráði. Stórum hluta sjóðsins er skipt á milli hverfisráða til úthlutunar. Skipting fjármagns fer eftir hlutfallslegum fjölda umsókna í hverfi og þvert á hverfi hverju sinni, sbr. 3. gr. reglnanna.

Í 7. gr. reglnanna segir að hverfisráð skuli meta umsóknir um styrki er varða hverfislægan verkefnapott í samráði við fagsvið eftir því sem við á og niðurstaða kynnt samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og velferðarráði. Í framkvæmd hefur mat umsókna verið í höndum hverfisráða í samráði við þjónustumiðstöðvar í hverju hverfi.

Árið 2019 voru hverfisráð Reykjavíkurborgar lögð niður og þær umsóknir sem lágu fyrir voru settar á bið þar til að búið var að skipa íbúaráð. Í desember 2019 voru íbúaráðin tekin til starfa. Þegar til úthlutunar kom var ljóst að erfiðlega átti eftir að ganga að samræma vinnuna því verklagi sem áður hafði gilt þar sem ekki samræmdist hugmyndafræði um íbúaráð að starfa með þjónustumiðstöðvum. Því var farin sú leið að íbúaráðin, sem heyra undir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, færu ein með ákvörðun styrkjanna í hverju hverfi og velferðarsvið sæi um utanumhald og samningsgerð. Var

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/reglur_styrkir_til_fangaheimila_2012.pdf

² https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/reglur_um_styrki_til_nams_og_verkfaera-og_tækjakaupa_fatlads_folks_12.11.19.pdf

sú ákvörðun tekin með hagsmuni umsækjenda að leiðarljósi þar sem þeir höfðu beðið niðurstaðna um langt skeið og ekki var hægt að færa umsóknir yfir á næsta ár.

Tillaga að breytingum

Tvær leiðir, sem verður nánar lýst hér, eru einkum færar til einföldunar.

1. Velferðarsvið fer áfram með umsjón sjóðsins.

Hér er lögð til sú einföldun að sjóðurinn verði ekki tvískiptur líkt og er nú heldur verði um einn pott að ræða og umsóknir verði allar lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir, sem skipaður er fulltrúum frá velferðarsviði, skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði og íþróttá- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar, sem geri tillögur að styrkveitingum sem lagðar eru til samþykktar velferðarráðs. Þetta felur í sér að íbúaráð koma ekki að úthlutun úr sjóðnum. Íbúaráð fara nú þegar með styrkveitingar hverfissjóðsstyrkja, sem eru meðal annars notaðir til að sinna forvarnaverkefnum. Með því að færa úthlutunina til samráðshóps um forvarnir væri hægt að tryggja betra samræmi við afgreiðslu umsóknanna en löngum hefur verið ósamræmi í styrkúthlutunum milli hverfa þar sem ekki eru tengsl á milli ráða. Sem dæmi má nefna á síðasta úthlutunartímabili var óskað eftir styrk bæði hjá íbúaráði Grafarvogs og Kjalarness til að sinna ákveðnu verkefni, sem var starfrækt í báðum hverfum. Verkefnið hlaut aðeins úthlutun í Grafarvogi þrátt fyrir að engar aðrar umsóknir lögju fyrir hjá íbúaráði Kjalarness og því voru engar úthlutanir úr sjóðnum frá íbúaráði Kjalarness.

2. Forvarnasjóður sameinaður borgarsjóði

Hér er röttækari tillaga sem gengur lengra í átt til einföldunar á stjórnsýslu fyrir borgarann. Hér yrði sjóðurinn sem er 9 m.kr. í heildina sameinaður styrkjum velferðarráðs undir borgarsjóðsstyrkjum. Samráðshópur um forvarnir færi með mat á umsóknum ásamt styrkjanefnd velferðarráðs og þannig væri sterkari forvarnarsýn á styrkumsóknir í heild, en nú þegar er mikil áhersla lögð á forvarnargildi verkefna við mat styrkjanefndar á þeim. Af 31 einu verkefni sem hlaut styrk árið 2020 voru 28 talin hafa forvarnagildi, ýmist að öllu leyti eða að hluta. Við vinnslu minnisblaðs þessa var aflað umsagnar frá fulltrúum samráðshóps um forvarnir og þar var þeim sjónarmiðum teft fram að sú hætta gæti skapast við sameiningu sjóðanna að smærri verkefni fengju síður styrki og meiru yrði úthlutað til stærri og stöndugri verkefna, en styrkir úr Forvarnasjóðnum eru vanalega lægri en þeir sem veittir eru úr borgarsjóði. Til þess að koma í veg fyrir það væri hægt að flokka umsóknir í eftir stærð áður en þær væru metnar og að upphæðin sem áður var í forvarnasjóðnum yrði ætluð smærri verkefnum. Kostir þessarar leiðar eru gríðarleg einföldun fyrir borgarann þar sem sami umsóknartími væri á umsóknum í báða sjóði sem og mikil hagræðing fyrir borgina vegna sameinginlegs utnumhalds um sjóðinn en mikil umsýsla er í kring um sjóðinn sem hefur til ráðstöfunar tiltölulega lága fjárhæð. Með því að sameina Forvarnasjóðinn við borgarsjóðsstyrkina væri því stuðlað að einföldun og á sama tíma væri verið að auka gagnsæi við styrkúthlutanir.

Niðurstaða

Að ofan hefur verið gerð grein fyrir tveimur mismunandi tillögum varðandi nauðsynlegar breytingar á forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið mælir með að Forvarnasjóðurinn verði sameinaður styrkjum velferðarráðs undir styrkjum borgarsjóðs. Miklir kostir felast í slíkri sameiningu bæði fyrir borgarbúa og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Við styrkúthlutun velferðarráðs á borgarsjóðsstyrkjum fyrir árið 2020, mat styrkjanefnd velferðarráðs allar umsóknir með tilliti til fyrirfram ákveðinni þátta, þar á meðal forvarnagildis verkefna.

Fylgiskjal: *Úthlutunarreglur Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar*

Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Hlutverk Forvarnarsjóðs er að stuðla að forvörnum og efla félagsauð í hverfum Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarverkefni í samræmi við forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, annars vegar í einstökum hverfum og hins vegar almennt í borginni. Hlutverk sjóðsins er jafnframt að vinna að eflingu félagsauðs og stuðla að hvers kyns framförum í hverfum borgarinnar.

Markmið Forvarnarsjóðsins er að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar í hverfum borgarinnar. Sjá nánari lýsingu á hverjir geta sótt um styrk í sjóðinn í 8. gr. reglna þessara.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eina af eftirtöldum áherslum:

- I. Forvarnir í þágu barna og unglinga.
- II. Efling félagsauðs í hverfum borgarinnar.
- III. Bætt lýðheilsa.
- IV. Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.
- V. Verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni, svo sem markmiðum Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta íbúaráð/samráðshópur um forvarnir sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Stórum hluta sjóðsins skal skipt milli íbúaráða til úthlutunar. Hluti fjárheimilda skal renna til forvarnar- og/eða félagsauðsverkefna sem ganga þvert á hverfi borgarinnar. Skipting fjármagns fer eftir hlutfallslegum fjölda umsókna í hverfi og þvert á hverfi hverju sinni. Skipting fjármagnsins milli íbúaráða verði á þann veg að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda.

4. gr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með sjóðnum. Auglýst skal eftir umsóknum að minnsta kosti einu sinni á ári. Velferðarsvið heldur utan um auglýsingar í samráði við íbúaráð og þjónustumiðstöðvar.

5. gr.

Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

6. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða reglubundins launakostnaðar.

Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftari en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

7. gr.

Íbúaráð meta umsóknir um styrki er varða hverfislægan verkefnapott í samráði við fagsvið eftir því sem við á og niðurstaða kynnt samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og velferðarráði.

Allar styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi skulu lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og samþykktar í velferðarráði.

8. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta einungis sótt um styrk í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir utan Reykjavíkurborgar.

9. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef sjóðsins. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

10. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar. Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs á eftir er samþykkt í íbúaráði eða velferðarráði fellur hann niður.

11. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu rafrænu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23. maí 2022
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Randver Kári Randversson/Kristjana Gunnarsdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga sviðsstjóra um breytingar á Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	F3605 Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar
Fjárhæð:	10,7 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að Forvarnasjóður Reykjavíkurborgar verði lagður niður í núverandi mynd og stofnaður verði nýr sjóður undir formerkjum verkefnisins Betri borg fyrir börn hjá velferðarsviði. Markmiðið er að sjóðurinn hafi það hlutverk að styðja við verkefni sem taki til forvarna barna og bregðast við þeim aðstæðum sem upp koma í samfélaginu hverju sinni. Skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd fyrir sjóðinn sem mun einnig móta reglur og samþykktir fyrir sjóðinn.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Markmið sjóðsins er að geta brugðist við þeim aðstæðum sem koma upp í samfélaginu hverju sinni með viðeigandi aðgerðum og/eða beita fyrirbyggjandi aðgerðum. Í því felst m.a. að tryggja þeim hópum barna sem á þurfa að halda hverju sinni viðeigandi stuðning og/eða úrræði. Stuðningurinn og úrræðin kunna því að beinast að tilteknum hópum barna t.d. þeirra sem sýna áhættu hegðun, beita eða verða fyrir ofbeldi og eða þurfa stuðning til að aðlagast íslensku samfélagi.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Öll börn og ungmenni í Reykjavík.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Tillagan beinist að því að geta beitt fyrirbyggjandi aðgerðum og eða að bregðast við tiltekinni stöðu hópa barna og ungmenna t.d. eftir aldri, kyni, uppruna eða félagslegri stöðu.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.